

125. löggjafarþing 1999–2000.
Þskj. 625 — 369. mál.

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um skattlagningu á umferð.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Er unnið að því á vegum fjármálaráðuneytisins að endurskoða skattlagningu á umferð, t.d. tolla, bifreiðagjöld, vörugjöld, bensíngjald eða þungaskatt, og aðra skattheimtu á þessu sviði, með tilliti til umhverfissjónarmiða?
2. Hefur ráðuneytið kannað möguleika á því að sameina gjaldtöku fyrir skyldutryggingu ökutækja innheimtu á bensíngjaldi og þungaskatti?